



# SPOR

Ævi Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur frá Hurðarbaki í Flóa

Guðmundur Sæmundsson

BláSkógar ehf  
Seltjarnarnesi 2016





# Guðrún Árný Guðmundsdóttir

Guðrún Árný Guðmundsdóttir fæddist 27. febrúar 1920 að Hurðarbaki í Flóa þar sem hún ólst upp. Foreldrar hennar voru þau Þuríður Árnadóttir (1894 – 1985) og Guðmundur Kristinn Gíslason (1890 – 1954). Hún gekk í barnaskóla (farskóla) í Hróarsholti og fermdist 1933 hjá sr. Sigurði Pálssyni. Hún starfaði sem heimilishjálpi í Hafnarfirði vetrurinn 1937 – 1938 og sem eldhússtúlka í Héraðsskólanum á Laugarvatni 1938 – 1939.

Guðrún giftist Sæmundi Bergmann Elimundarsyni frá Hellissandi árið 1940 og fluttist til Reykjavíkur þar sem hún bjó síðan. Þau eignuðust sjö börn: Hreiðar (1940 – 1945), Lillu (1943 – 1944) Guðmundu (1944 – 1945), Guðmund Kristinn (f. 1946), Hreiðar Þór (f. 1948), Sigurð Rúnar (f. 1951) og Matthías Viðar (1954 – 2004).

Guðrún andaðist 23. nóvember 1965 í Reykjavík, 45 ára að aldri eftir erfið veikindi sem staðið höfðu árum saman. Það eru því rúm 50 ár síðan hún lést, auk þess sem hún hefði orðið 95 ára á árinu 2015.



Höfundur bókarinnar er sonur Guðrúnar, Guðmundur Sæmundsson. Hann hefur gefið út all margar bækur, umræðubækur, kennslubækur og fræðsluefni af ýmsu tagi. Guðmundur hefur starfað sem háskólakennari við Háskóla Íslands frá árinu 2001. Áður starfaði hann við Framhaldsskólann í Skógum, þar af eitt ár sem skólameistari, og við Menntaskólann að Laugarvatni. Hann hefur einnig stundað ýmis önnur störf, meðal annars sem grunnskólakennari, útgefandi, ritstjóri, blaðamaður og verkamaður. Guðmundur á sex börn og er kvæntur Ingibjörgu Jónsdóttur Kolka MA og menntaskólakennara. Hann skrifar svo í formála:

*Með þessu kveri langar mig til þess að kynna hana fyrir þeim afkomendum hennar sem aldrei fengu tækifæri til að kynnast henni. Ég hef valið að láta samantektina hverfast fyrst og fremst um þá miklu sorgaratburði sem foreldrar mínir upplifðu, andlát þriggja fyrstu barnanna sinna á hálfu öðru ári og loks missi þess yngsta. Enginn getur ímyndað sér þær miklu sorgir sem slíkir atburðir valda. Þeir mörkuðu djúp spor í sálarlíf þeirra og einnig í hugum okkar afkomenda þeirra.*

(strikamerki og ISBN-númer)